



2. fundur stjórnar SSA 27. október 2015.

Fundurinn hófst kl. 13.00 í húsakynnum Austurbrúar Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Margrét Guðjónsdóttir, Hákon Hansson og Jón Björn Hákonarson. Eydís Ásbjörnsdóttir hafði boðað forföll og því mætti Pálína Margeirsdóttir, varamaður, í hennar stað. Andrés Skúlason og varamaður hans, Sóley Birgisdóttir höfðu sömuleiðis boðað forföll og því sat Gunnar Jónsson fundinn í þeirra stað.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 1. stjórnarfundum SSA lögð fram til samþykkis.
2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar frá:
 - a) stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál
 - b) Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Eyþingi, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 - c) Heilbrigðiseftirliti Austurlands.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar.
 - a) Boð á aðalfund Eyþings og ályktanir fundarins.
 - b) Skjöl frá þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
 - c) Minnisþingar frá fundum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtakanna.
 - d) Málefni flóttamanna – skjöl frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
 - e) Skýrsla um fasteignamat 2016. Verkefnisstjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum á starfssvæðinu um hvað til er af lausu húsnæði og hver þörfin er. Sömuleiðis að fá upplýsingar um eignir íbúðalánasjóðs á Austurlandi.
 - f) Umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnisstjóra falið að taka undir umsagnir SÍS.
 - g) Ársreikningur og ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Austurlands.
 - h) Breytingar á aðalnámskrá grunnskóla. **Stjórn SSA furðar sig á nýtilkomnum breytingum á námsmatskrá. Bæði eru breytingarnar seint á ferð en einnig til þess fallnar að auka flækjustig án þess að tilgangurinn sé ljós.**
 - i) Vegvísir í ferðaþjónustu. **Stjórn SSA lýsir því yfir, í ljósi stofnunar Stjórnstöðvar ferðamála til viðbótar Íslandsstofu og Ferðamálastofu, að nauðsynlegt er að einfalda og efla umgjörð ferðaþjónustunnar. Þá er ekki síður brýnt að sveitarfélögum séu tryggðir tekjustofnar af**

ferðapjónustunni til að standa straum af auknum kostnaði við innviði og þjónustu sem fylgir vaxandi fjölda ferðamanna. Útsvarstekjur sveitarfélaga eru ekki í nokkru samræmi við fjölda og umfang starfa í ferðapjónustu.

- j) Skýrsla Byggðastofnunar um byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússlands. **Stjórn SSA lýsir yfir fullum stuðningi við þau sjónarmið forsvarsmanna tiltekinna sveitarfélaga á starfssvæðinu að ríkið verði að mæta því alvarlega tjóni sem þau verða fyrir vegna innflutningsbanns Rússlands.**
- k) Launakjör stjórnna landshlutasamtakanna. Lagt fram til kynningar.
- l) Minnisþingar frá fundi formanns stjórnar og framkvæmdastjóra Austurbrúar með sveitarstjórum og oddvitum sveitarfélaga á Austurlandi. Verkefnastjóra falið að kalla eftir því við framkvæmdastjóra Austurbrúar að bæjar- og sveitarstjórar verði boðaðir til samráðsfundar hið fyrsta, eins og ákveðið var á Djúpavogi 2. október sl.

2. Samningur um sóknaráætlun

- 1. Ný sóknaráætlun Austurlands. Næstu skref.
 - a) Endurskoðun sóknaráætlunar.
 - b) Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands. Gert er ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði í nóvember og úthlutað verði í ársbyrjun 2016.
 - c) Áhersluverkefni 2016.
- 2. Kostnaður við gerð sóknaráætlunar. Bréf frá Jöfnunarsjóði.

3. Almenningsamgöngur

- 1. Fundur samráðshóps um framkvæmd almenningsamgangna. Lagt fram til kynningar.
- 2. Samþykkt gjaldskrár SvAust fyrir árið 2016.
- 3. Framtíð verkefnisins. Framkvæmdaráði falið að skoða sérstaklega verkefni Strætisvagna Austurlands fyrir næsta stjórnarfund með það að markmiði að móta tillögur að skipulagi verkefnisins til framtíðar. Verkefnastjóra falið að framlengja samninga við akstursaðila um eitt ár.

4. Önnur mál

- 1. Sameiginleg áskorun landshlutasamtakanna. Stjórn SSA samþykkir drögin fyrir sitt leyti með breytingum.
- 2. Drög að fundaáætlun fyrir stjórn SSA. Lagt fram til kynningar.
- 3. Umboð til úttekta af innlánsreikningum.
- 4. Fundir og þing sótt af SSA.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 1. desember kl. 13 á Egilsstöðum.
Fundi slitið kl. 16.05.



Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Gunnar Jónsson

Pálína Margeirsdóttir

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson